



183. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 24. mars 2015 kl. 09:30.

Mætt: Björn Harðarson (fulltrúi foreldra), Eydís Þ. Indriðadóttir (var ekki mætt), Halldóra Íris Magnúsdóttir (fulltrúi nemenda), Haraldur Eiríksson, Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Lís Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigþrúður Jónsdóttir og Þórarinn Ingólfsson. Ægir Sigurðsson kom inn á fundinn í smá tíma.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð fundar frá 20. jan. sl.

Fundargerðin lá ekki frammi og því var afgreiðslu hennar frestað til næsta fundar.

2. Rekstraráætlun, fréttir af fundi í Mrn. 18/3 – Olga Lís / Haraldur

Haraldur fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðu skólans og kom fram í máli hans að halli var upp á 36,6 milljónir á árinu 2014. Hann sagði frá fundi með fólki úr ráðuneytinu sem fram fór í vikunni. Unnið er að nýrri fjárhagsáætlun í tengslum við þennan halla og hvernig hægt er að bregðast við honum. Haraldur sagði frá nýju kerfi sem verið er að taka í notkun innan Oracle bókunarkerfisins. Ársreikningur ætti að liggja fyrir fljótlega og má reikna með honum á næsta fundi skólanefndar.

3. Nemendagarðar FSu – umræður - ÞI

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir stöðu vegna nemendagarða. Halli á rekstri er um 7 milljónir á hverju ári. Umræður sköpuðust um framhald á rekstri nemendagarða. Ákveðið að fara í viðræður við leigusala og segja megi upp núgildandi samningi frá og með vori 2015. Óskað eftir að sent verði bréf á sveitastjórnir á svæðinu til upplýsingar um stöðuna.

4. Innleiðing nýrrar námskrár – val nemenda - ÆS

Áfangastjóri kynnti hvernig staðan er varðandi innleiðingu nýrrar námskrár. Hann sýndi fundarmönnum kynningarsíður skólans vegna nýrrar námskrár og hvatti þá til að kynna sér það sem þar kemur fram. Umræður sköpuðust um námskrána og hvaða áhrif hún hefði á framhaldið hjá nemendum og starfsmönnum.



5. Önnur mál:

A. Kjaramál KÍ – Vinnumat - OLG

Búið að boða stóran fund um kjaramál miðvikudaginn 25. mars í Reykjavík. Olga sagði frá óeiningu sem er innan KÍ vegna vinnumatsins. Óljóst er um framhaldið í kjaramálum hjá KÍ.

B. Ytra mat á FSu - ÞI

Skólameistari sagði frá því að skólinn færi í ytra mat á þessari önn og síðan gerði aðstoðarskólameistari grein fyrir undibúningi vegna ytra matsins.

C. Viðbygging við Hamar

Stefnt er að auglýsa útboð vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar um næstu helgi.

D. Dagatal næsta skólaárs

Olga Lísu sagði í örstuttu máli frá væntanlegu dagatali vegna næsta skólaárs. Nemendadagar verða samkvæmt kjarasamningum 180 á næsta skólaári. Nemendadögum hefur fjölgað um 5 frá núgildandi dagatali.

E. Nemendaráð

Halldóra Íris sagði frá því sem nemendaráð hefur verið að gera og sagði meðal annars frá „Regnbogadögum“ sem eru í gangi.

F. Starfamessa

Sagt frá starfamessu sem var kynning á starfsemi fyrirtækja á svæðinu. Kynningin var hér í skólanum fimmtudaginn 19. mars og voru 30 fyrirtæki á svæðinu sem kynntu starfsemi sína. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Næsti fundur er fyrirhugaður þriðjud. 12. maí kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:10
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson